

SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLADEILDAR

2024 – 2025

Menntasvið Kópavogs



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar.....	3
Inngangur	4
Sálfræðiþjónusta	4
Þjónusta talmeinafræðinga í grunnskólum	5
Þjónusta iðjupálfa	6
Verkefnastjórar skólaþjónustu, ráðgjöf og samstarf.....	6
Ráðgjafateymi sérfræðinga á grunnskóladeild	8
Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti	9
Fagteymi um réttindi og velferð nemenda	9
Góður grunnur – snemmtækur stuðningur í 1. bekk	10
Atvinnutengt nám.....	10
Sjúkrakennsla	11
Námskeið fyrir börn og foreldra.....	11
Kvíðanámskeið.....	11
Uppeldi barna með ADHD.....	12
Sérdeildir	12
Sérdeild í Álfhólsskóla	12
Sérdeild í Salaskóla	13
Námsver, sérdeild í Kópavogsskóla	13
Smiðja, sérdeild í Snælandsskóla.....	13
Sérskólar	14

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar mótast af heildarsýn um skóla fyrir öll börn, velferð þeirra og farsæld. Börnum er búið námsumhverfi sem gefur þeim tækifæri til að nýta styrkleika sína á sama tíma og veikleikar eru styrktir. Stuðningur við börn skal einkennast af virðingu fyrir þeim, umburðarlyndi gagnvart þeim og metnaði og væntingum í þeirra garð. Leggja skal áherslu á forvarnir og samvinnu við nemendur, foreldra þeirra og aðra sem vinna með börnum og fjölskyldum.

Að jafnaði eru um 5000 nemendur í grunnskólum Kópavogsbæjar sem urðu 10 með tilkomu Kóraskóla haustið 2023.

Stefna Kópavogsbæjar um skóla fyrir öll börn og stuðning við þau tekur mið af lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, öðrum alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og réttindum fatlaðs fólks.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir umfangi skólaþjónustu grunnskóla Kópavogsbæjar skólaárið 2024-2025.

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar



Inngangur

Skólaþjónusta grunnskóla í Kópavogi er í stöðugri þróun og markvisst er leitað leiða til að koma til móts við hugmyndafræði um skóla fyrir öll börn.

Á haustdögum skólaárið 2021-2022 hófst vinna eftir nýrri Menntastefnu Kópavogsbæjar til 2030 sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í október 2021. Menntastefnan er sameiginleg sýn um framtíðaráherslur í menntun og frístundastarfi í Kópavogi og grundvallast í gildum sveitarfélagsins um umhyggju – framsækni – virðingu og heiðarleika. Að auki hefur menntastefnan til hliðsjónar aðrar samþykktir og áætlanir sveitarfélagsins eins og gæðastefnu, jafnréttis- og mannréttindaáætlun, lýðheilsustefnu, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á skólaárinu 2022-2023 voru tekin mikilvæg skref í samstarfi menntasviðs og velferðarsviðs um innleiðingu laga nr. 86 um *samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna* sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2021. Gert var ráð fyrir að innleiðingin taki sveitarfélög allt að fimm ár og mögulega lengri tíma. Til að mæta þörfum skólasamfélagsins í ferlinu voru haustið 2022 ráðnir tveir kennsluráðgjafar og atferlisráðgjafi til að halda betur en áður utan um mál nemenda með stuðningsþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Til skólaþjónustu grunnskóla Kópavogsbæjar heyra nemendur með þörf fyrir þjónustu:

- Sálfræðings vegna sálræns og/eða félagslegs vanda og sálfræðilegs frummati.
- Talmeinafræðings vegna málþroskamats og málþroskagreiningar.
- Iðjupjálfa vegna ráðgjafar á og í skólaumhverfi og greiningar og ráðgjafar á skynúrvinnslu.
- Kennsluráðgjafa vegna annars móðurmáls en íslensku.
- Kennsluráðgjafa vegna aðlögunar náms og kennslu fyrir öll börn sem á þurfa að halda.
- Kennsluráðgjafa vegna sérhæfðs tölvubúnaðar fyrir skólastarfið.
- Atferlisráðgjafa vegna hegðunarmótandi nálgunar í námi og starfi.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og eru fulltrúar skólaþjónustunnar í nemendaverndarráði hvers skóla. Sálfræðingar eru með starfstöð í viðkomandi grunnskólum og starfa undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Þeir bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda nemenda í samvinnu við þá, foreldra þeirra og annað fagfólk. Sálfræðingar annast jafnframt fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um málefni sem er á þeirra sersviði.

Skólaárið 2024-2025 voru 414 heildarbeiðnir til sálfræðinga grunnskólanna. Nánari upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflu.

Beiðnir til sálfræðinga í grunnskólum	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Heildarfjöldi mála	583	590	427*	414
Lokið	385	360	322*	267
Í vinnslu	71	87	67*	47
Á bið	127	143	70*	100

*Vegna breytinga á beiðnakerfi gæti verið skekkja í talningu á fjölda beiðna á milli ára

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið um að biðtími eftir þjónustu sálfræðings sé ekki meira en 3 mánuðir sem náðist í 68,3 % tilvika. Gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Á vormánuðum 2021 var farið af stað með tilraunaverkefni þar sem nemendum í 10. bekk var boðið upp á ráðgjafarviðtöl hjá skólasálfræðingi án aðkomu foreldra. Markmið ráðgjafarviðtala er að nemendur fái tækifæri til að ræða við sálfræðing með skömmum fyrirvara á auðveldan hátt. Árgangurinn fékk einnig fræðslu frá skólasálfræðingi um geðrækt og upplýsingar um hvert væri hægt að leita eftir stuðningi og hjálp varðandi einstök mál. Foreldrar fengu kynningarbréf um verkefnið.

Í lok skólaárs 2021-2022 fengu nemendur og sálfræðingar tækifæri til að svara könnun um þessa þjónustu. Af þeim sem svörðu taldi meirihluti nemenda fræðsluna vera gagnlega og að mikilvægt væri að bjóða áfram upp á ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga án aðkomu foreldra. Sálfræðingar töldu þessa þjónustu einnig mikilvæga og þótti ástæða til að bjóða nemendum í 9. bekk upp á hana rétt eins og nemendum í 10. bekk.

Skólaárið 2022-2023 var nemendum í 9. og 10. bekk boðið upp á ráðgjafarviðtöl. Allir nemendur fengu fræðslu og 45 nemendur í 9. bekk óskuðu eftir viðtölum við sálfræðing (samtsals 81 viðtal) og 59 nemendur í 10. bekk (samtsals 127 viðtöl).

Skólaárið 2023-2024 stóðu nemendum í 9. og 10. bekk aftur til boða ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga grunnskólanna í kjölfar fræðslu um þau. Alls fengu 116 nemendur samtsals 274 viðtöl.

Skólaárið 2024-2025 stóðu nemendum í 9. og 10. bekk áfram til boða ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga grunnskólanna í kjölfar fræðslu um þau. Alls fengu 105 nemendur samtsals 215 viðtöl eða sem nemur tæpum 9,5% af heildarfjölda nemenda í 9. og 10. bekk í Kópavogi.

Ósk nemenda um viðtal við skóla-sálfræðing án aðkomu foreldra	2021-2022		2022-2023		2023-2024		2024-2025	
	Nemendur	Viðtöl	Nemendur	Viðtöl	Nemendur	Viðtöl	Nemendur	Viðtöl
10. bekkur	72	152	59	127	70	164	63	131
9. bekkur	ekki til boða	x	45	81	46	110	42	84
Samtals fjöldi viðtala	152 viðtöl		208 viðtöl		274 viðtöl		215 viðtöl	

Þjónusta talmeinafræðinga í grunnskólum

Talmeinafræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og hafa starfsstöð í grunnskólum bæjarins og starfa undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Við upphaf skólaárs er málproskaleg staða nemenda í 1. bekk metin og jafnframt er unnið með aðra nemendur sem hafa þörf fyrir talþjálfun. Þá veita þeir ráðgjöf og þjálfun út frá málproska hvers nemanda. Talmeinafræðingar vinna mest með talþjálfun sem tengist framburði og málproska og koma einnig að ráðgjöf við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Jafnframt veita þeir ráðgjöf og fræðslu til foreldra og fagfólks og eru í samstarfi við þá aðila sem koma að málum viðkomandi nemenda, t.d. þeirra sem eru í samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Skólaárið 2024-2025 var heildarfjöldi mála talmeinafræðinga 221. Við lok skólaársins var 99 málum lokið, 65 voru í vinnslu og 57 nemendur voru á bið eftir þjónustu talmeinafræðings, sjá meðfylgjandi töflu hér að neðan.

Beiðnir grunnskóla til talmeinafræðinga	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Heildarfjöldi mála	305	234	221
Lokið	127	113	99
Í vinnslu	99	51	65
Á bið	79	70	57

Grunnskóladeild hefur sett sér það markmið að biðtími nemenda eftir þjónustu talmeinafræðings sé ekki lengri en 3 mánuðir. Það markmið náðist í 64,3% tilvika, gæðamarkmið gera ráð fyrir því að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Þjónusta iðjupjálfa

Iðjupjálfi starfar fyrir skólapjónustu grunnskóla Kópavogs og tekur að sér verkefni þvert á grunnskóla bæjarins.

Starf iðjupjálfa felur í sér mat á þátttöku og færni hjá nemendum sem hafa stuðningsþarfir varðandi skólafærni og skynúrvinnslu og ráðgjöf til foreldra og skóla í framhaldi af því. Markmiðið er að efla almenna þátttöku barna í námi og í skólastarfi og að þeim líði vel í húsnæði grunnskólans. Þarfir barnsins geta komið fram í hreyfifærni og skynúrvinnslu og því er liður í þjónustunni að kanna námsumhverfi nemandans í heimaskóla og koma með hugmyndir um aðlögun þess þar. Iðjupjálfi veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki ráðgjöf og tekur þátt í teymisvinnu og samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum viðkomandi nemanda.

Skólaárið 2023-2024 var heildarfjöldi mála 65. Við lok skólaárs var 47 málum lokið, 4 voru í vinnslu og 14 nemendur voru á bið eftir ráðgjöf iðjupjálfa.

Skólaárið 2024-2025 var heildarfjöldi mála 37. Við lok skólaárs var 25 málum lokið, 5 voru í vinnslu og 7 nemendur voru á bið eftir ráðgjöf iðjupjálfa.

Verkefnastjórar skólapjónustu, ráðgjöf og samstarf

Verkefnastjórar skólapjónustu grunnskóladeildar halda utan um helstu verkefni skólapjónustunnar, starfa þétt bæði með ráðgjafateymi sérfræðinga og forvarnarteymi skólapjónustunnar og koma að stefnumótun og þróunarvinnu á málaflokknum. Verkefnastjórar veita ráðgjöf til nemenda, foreldra og skóla og taka þátt í teymisvinnu varðandi nemendur með stuðningsþarfir. Þeir taka virkan þátt í nemendaverndarráðsfundum í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum og koma að einstaklingsmálum þar.

Verkefnastjórar skólapjónustu koma einnig að málum sem snerta hópa og/eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Þó þessi mál séu hvorki skráð né talin sérstaklega eru þau fjölmörg. Óformleg talning sýnir að málin séu á fimmta tug skólaárið 2024-2025 og ná bæði yfir hópa og einstaklinga. Dæmi um mál eru þegar nemendur verða fyrir ofbeldi, einelti, og vanrækslu og/eða óæskilegri kynhegðun annarra í þeirra garð eða þeirra í annarra garð.


Verkefnastjórar koma að viðbótarúthlutun til skóla vegna barna með stuðningsþarfir umfram þær sem veitt er úthlutun fyrir í gegnum almenna úthlutunarmódelið og umsóknum í sérdeildir grunnskóla Kópavogsbæjar. Þeir halda utan um samninga við verktaka sem starfa innan skólapjónustu

grunnskólanna og funda reglulega með þeim. Verkefnastjórar sjá um fræðslu til skólasamfélagsins um tiltekin málefni tengd námi og starfi nemenda og má þar til að mynda nefna fræðsluerindi um lestur og læsi og skólaforðun.

Verkefnastjórar taka á móti tilkynningum um ófullnægjandi skólasókn nemenda og vinna í samstarfi við grunnskólana að því að leita lausna á því hvernig hægt sé að vinna þá nemendur sem hafa litla sem enga mætingu aftur inn í skólana. Skólaárið 2022-2023 bárust frá grunnskólum bæjarins 100 skráningar til grunnskóladeildar um ófullnægjandi skólasókn 98 barna. Skólaárið 2023-2024 voru skráningarnar 259 vegna 245 barna sem sýndu ófullnægjandi skólasókn. Á síðasta skólaári, 2024-2025, voru skráningar um ófullnægjandi skólasókn 402 vegna tæplega 400 barna. Skráningar eru um nemendur í öllum árgöngum grunnskólans, sjá meðfylgjandi töflu hér að neðan.

Árgangur	Fjöldi skráninga
1. bekkur	7
2. bekkur	10
3. bekkur	16
4. bekkur	24
5. bekkur	38
6. bekkur	31
7. bekkur	47
8. bekkur	84
9. bekkur	83
10. bekkur	62
SAMTALS	402

Hlutfall á milli drengja og stúlkna sem fá skráningar um ófullnægjandi skólasókn er áþekkt; 53% eru vegna drengja og 47% vegna stúlkna. Hlutfall nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn sem skráningar berast um er það sama og er í grunnskólum Kópavogs, tæplega 13%. Af heildarfjölda skráninga fá 13 nemendur leyfi til lengri tíma vegna tómsunda eða sem nemur 3,2%. Helstu ástæður ófullnægjandi skólasóknar má sjá á töflunni hér að neðan.



Á síðasta skólaári, 2024-2025, voru nemendur í grunnskólum Kópavogs fjarverandi vegna ófullnægjandi skólasóknar í rúmlega 64 grunnskólaár.

Verkefnastjórar skólapijónustu eru í virku samstarfi við helstu stofnanir sem hafa með málefni nemenda að gera. Hér má nefna *Landsteymið* sem starfar á grundvelli farsæðarlaga og samþættingar þjónustu í þágu farsæðar barna, *Ráðgjafar- og greiningarstöð* og *Geðheilsumiðstöð barna* og sitja í samráðsteymi heilsugæslu ásamt *Velferðarsviði* og *Barna- og unglingageðdeild Landspítalans*.

Ráðgjafateymi sérfræðinga á grunnskóladeild

Á vordögum 2024 voru hugmyndir uppi um að stofna þverfaglegt ráðgjafateymi á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs. Því var meðal annars ætlað að virkja faglegt og markvisst ferli við úrvinnslu mála er varða einstaklinga og hópa innan grunnskóla bæjarins í nærumhverfi nemenda. Einnig að vinna út frá heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda í gegnum vönduð og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafateymið var stofnað út frá framangreindum leiðum og með hugmyndafræði reglugerðar um skólapijónustu nr. 54 frá 2019 að leiðarljósi. Þar segir:

Markmið með sérfræðipjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Sérfræðipjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Þá segir enn fremur:

Fræðslufirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðipjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt [...] og að sérfræðipjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda [...].

Skýrsla um niðurstöður PISA 2022 frá því í desember 2023 bendir á að kjarni skólastarfs fari fram í virkum samskiptum kennara og nemenda í gegnum kennslu, leiðsögn og endurgjöf og því þurfi kennsluhættir, stöðþjónusta og önnur starfsemi að miða að því að styrkja það starf. Þá er bent á að mikilvægast sé að samvirkni, fagmennska, þekking og gæði einkenni starfið á öllum stigum.

Á nýliðnu skólaári, 2024-2025, starfaði þverfaglegt ráðgjafateymi sérfræðinga á grunnskóladeild í fyrsta skipti sem ein heild í kjölfar þess að *Tröð – tímabundið skólaúrræði í grunnskólum* var lögð niður. Hlutverk ráðgjafateymis er að stuðla að markvissum stuðningi við faglegt starf grunnskólanna í gegnum ráðgjöf, handleiðslu og fræðslu. Markmið með starfi teymisins er meðal annars að:

- Stuðla að velferð og farsæld allra barna með hugmyndafræði inngildingar að leiðarljósi.
- Auka vægi fyrirbyggjandi aðgerða og tímanlegs stuðnings í málum nemenda í nánun samstarfi við grunnskólana, foreldra og barnið sjálft.

- Taka vel utan um mál innan grunnskólanna sem þarfnast þjónustu umfram þá sem veitt er þar og koma þeim í viðeigandi farveg og aðstoða skólana við að verða sjálfbæra í málum sem þeir ráða við.
- Efla og styrkja fjölbreytta fræðslu til starfsfólks grunnskóla, foreldra og nemenda.

Í ráðgjafateyminu starfa atferlisfræðingar, fjölskyldufræðingar, kennslufræðingar og sálfræðingur. Grunnskólar meta sjálfir þörf fyrir aðkomu ráðgjafateymis og senda inn beiðni um stuðning við mál. Á reglulegum fundum ráðgjafateymis eru beiðnir skoðaðar og metið í hverju máli hvaða sérfræðingar séu best til þess fallnir að koma að því. Í framhaldinu er mál unnið í gagnvirku samstarfi við starfsfólk grunnskóla, foreldra og nemanda/nemendur.

Fyrsta heila skólaár ráðgjafateymis var eins og áður segir 2024-2025. Teymið kom að málum 16 hópa innan grunnskólanna, ýmist tímabundið eða yfir allt skólaárið. Þá voru málin sem unnin voru í þverfaglegu samstarfi 140 talsins.

Grunnskóladeild mun setja sér gæðamarkmið um biðtíma eftir þverfaglegri ráðgjöf á yfirstandandi skólaári.

Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti

Hjá skólaþjónustu starfar forvarnarteymi sem er í virkri samvinnu við ráðgjafateymi skólaþjónustu. Teymið heldur m.a. námskeið í grunnskólum fyrir nemendahópa með hegðunar- og tilfinningavanda. Markmið námskeiðanna er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka skilning þeirra á eigin hegðun, efla samkennd hjá þeim, bæta samskiptahæfni þeirra, ýta undir jákvæð viðhorf til annarra og auka vellíðan þeirra. Hluti af námskeiðinu er að funda einslega með foreldrum hvers barns til ráðgjafar og fræðslu.

Á nýliðnu skólaári kom teymið að fjölbreyttri vinnu með foreldrum og nemendum. Skólaárið 2024-2025 sóttu 73 nemendur námskeið hjá forvarnarteyminu sem voru í 9 grunnskólum Kópavogs. Auk þess hélt teymið 7 fyrirlestra í skólum, kom tvívegis á kynningarfundi fyrir foreldra og veittu ráðgjöf á foreldrafundi og til kennarateymis.

Námskeið	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	92	75	89	68	73

Fagteymi um réttindi og velferð nemenda

Haustið 2022 var stofnaður samráðsvettvangur grunnskóla í Kópavogi og grunnskóladeildar Mennta- sviðs Kópavogsbæjar um réttindi og velferð barna í svokölluðum *fagteymum*. Í Kópavogi starfa tvö fagteymi þar sem sitja fulltrúar grunnskólanna, Arnarskóla og grunnskóladeildar.

Markmið fagteyma er að koma til móts við þarfir nemenda á sama tíma og velferð þeirra er tryggð. Þá veita fagteymin ráðgjöf til skóla um faglega úrvinnslu mála þegar upp koma tilvik þar sem beita þarf líkamlegu inn gripi eða hefta þarf frelsi nemanda í skóla til að tryggja öryggi hans, annarra barna og starfsfólks.

Foreldrar eru upplýstir um vinnslu máls og fulltrúi skólans tekur málið fyrir í fagteymi. Það rýnir lýsingar á atvikum innan skólanna og einstaklingsbundnar áætlanir með það að markmiði að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.

Fagteymin veita einnig ráðgjöf til skóla um faglega úrvinnslu mála þar sem foreldrar og skólar telja rétt að *skerða skóladag* nemenda tímabundið. Mikilvægt er að tryggja réttindi nemenda til skólasóknar og markmiðið er að draga úr þörf fyrir slíkar ráðstafanir og tryggja viðeigandi stuðning við að nemandinn komi tilbaka í fullan skóladag. Það skal gert í góðri samvinnu og samstarfi við nemandann sjálfan, foreldra og grunnskólann.

Vakin er athygli á því að fagteymið er fyrst og fremst samráðsvettvangur sem stendur vörð um einstaka nemendur og skólasamfélagið í heild sinni. Því er ætlað að:

- Að rýna eigin vinnubrögð.
- Að stuðla að faglegum vinnubrögðum skóla við krefjandi aðstæður.
- Að standa vörð um réttindi nemenda.

Vakni grunur um að starfsmaður hafi brotið af sér í starfi fer mál hans í annan farveg.

Góður grunnur – snemmtækur stuðningur í 1. bekk

Skólaárið 2024-2025 var haldið áfram að þróa verkefnið *Góður grunnur* í 1. bekk í grunnskólum bæjarins. Verkefnið hófst haustið 2020 og byggir á eftirfarandi stoðum:

1. Að hópastærðir séu viðráðanlegar svo að umsjónarkennari hafi tök á að halda utan um nemendahópinn og ólíkar þarfir innan hans.
2. Að öflug teymisvinna fagfólks og umsjónarkennara sé til staðar fyrir nemendahópinn í heild.
3. Að skólastarf sé skipulagt með þarfir allra barna í huga.
4. Að þverfagleg þekking sé nýtt til að ná utan um ólíkar þarfir nemenda.

Markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

1. Að allir nemendur fái nám og stuðning við hæfi.
2. Að öllum nemendum líði vel í skólanum.
3. Að kennarar fái stuðning og rými til að kenna fjölbreyttum nemendahópi á árangursríkan hátt.
4. Að kennurum líði vel í starfi.
5. Að nýta sem best fjármuni í skóla fyrir öll börn þannig að þær bjargir sem eru til staðar verði skilvirkari og árangursríkari en áður.

Nú hafa fimm skólar innleitt hugmyndafræði *Góðs grunns* í sitt starf. Grunnskóladeild fundaði á liðnu skólaári með fulltrúum grunnskólanna sem halda utan um innleiðingu í sínum skólum. Við upphaf skólaárs 2023–2024 bættist einn skóli við þá fjóra sem þegar voru að nýta sér leiðir og hugmyndafræði *Góðs grunns*. Á nýliðnu skólaári var staðan óbreytt frá fyrra ári.

Atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem finna sig ekki í hefðbundnu námi og/eða líður illa í skóla. Horft er til þess að samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 komi atvinnutengt nám í stað skyldunáms í grunnskóla í formi námsvals og sé að hámarki í 8 klukkustundir á viku. Atvinnutengt nám stendur yfir hvert skólaár frá september til loka maímánaðar. Litið er svo á að á móti hverri klukkustund í starfi liggi 60 mínútur í námi (eða sem svarar einni og hálfri kennslustund). Atvinnutengdu

námi er ætlað að styðja við einstaklingsmiðað nám nemenda og gefa þeim kost á að kynnast atvinnulífinu og veita þannig dýrmætan undirbúning fyrir framtíðina. Atvinnutengt nám ýtir gjarnan undir áhuga nemenda á almennu námi og getur aukið sjálfstraust og bætt líðan þeirra í skólaumhverfinu. Verkefnið er samstarfsverkefni grunnskóla, grunnskóladeildar og Vinnuskóla Kópavogsbæjar.

Á skólaárinu 2024–2025 voru 20 nemendur í grunnskólum Kópavogs í atvinnutengdu námi í verslunum og á bifreiðaverkstæðum. Til samanburðar má benda á að skólaárið 2023–2024 var 41 nemandi í atvinnutengdu námi, skólaárið 2022–2023 voru nemendurnir 29 og skólaárið 2021–2022 voru 23 nemendur í atvinnutengdu námi í grunnskólum Kópavogsbæjar, sjá töflu hér neðar.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Fjöldi nemenda	12	23	29	41	20

Sjúkrakennsla

Nemendur sem geta ekki tekið þátt í almennu skólastarfi vegna langvarandi veikinda eða slysa eiga kost á tímabundinni sjúkrakennslu. Umfang kennslunnar ræðst af aðstæðum hverju sinni og er hún skipulögð í samvinnu við foreldra, nemandann sjálfan og skólann. Hafa ber í huga að samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er grunnskólinn vinnustaður nemenda. Þegar rætt er um sjúkrakennslu er vert að hafa í huga að skólum ber að veita nemendum kennslu við hæfi og að nám þeirra sé heildstætt.

Færst hefur í vöxt að óskað sé eftir sjúkrakennslu vegna andlegra veikinda, þá oftast vegna hamlandi kvíða og/eða skólaforðunar. Í slíkum tilvikum er veitt heimild til tímabundinnar sjúkrakennslu ef málið er metið svo að þetta sé hjálpleg leið til að mæta þörfum nemandans og horfa fram á við. Litið er svo á að nemandanum sé með þessu gert auðveldara fyrir að taka hæfileg skref inn í almennt skólastarf á ný. Það er einstaklingsbundið hvort markmið um virkni í námi og starfi takist með þessu móti.

Skólaárið 2024–2025 fengu 12 nemendur sjúkrakennslu til lengri eða skemmri tíma. Skólaárið 2023–2024 fengu 18 nemendur sjúkrakennslu og til samanburðar nutu 12 nemendur sjúkrakennslu skólaárið 2022–2023 í grunnskólum Kópavogs.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Fjöldi nemenda sem njóta sjúkrakennslu	4	7	12	18	12

Námskeið fyrir börn og foreldra

Kvíðanámskeið

Klókir krakkar er meðferðarúrræði sem hefur það markmið að þjálfar börn í að takast á við kvíða svo hann trufla börnin sem minnst í daglegu lífi. Ennfremur að foreldrar öðlist þekkingu og færni til að styðja við barn sitt í aðstæðum sem geta valdið þeim kvíða.

Menntasvið og Velferðarsvið bjóða upp á eftirfarandi kvíðanámskeið fyrir börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra.

Klókir litlir krakkar er námskeið fyrir foreldra 3-7 ára barna með kvíðaeinkenni. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2023-2024 voru haldin tvö námskeið og skólaárið 2024-2025 voru einnig haldin 2 námskeið.

Klókir krakkar er námskeið ætlað 8-12 ára börnum með kvíðaeinkenni og foreldrum þeirra. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2023-2024 voru haldin tvö námskeið og skólaárið 2024-2025 voru einnig haldin 2 námskeið.

Haltu kúlinu er námskeið ætlað 13-16 ára unglingum með kvíðaeinkenni og foreldrum þeirra. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2024-2025 var ekkert námskeið haldið fyrir unglinga í Kópavogi. Ástæða þess er að ekki tekst að fá næga þátttöku á þetta námskeið.

Unnið er að endurskoðun og innleiðingu á nýjum námskeiðum fyrir börn frá 8-12 ára og á unglingastigi í Kópavogi í stað námskeiðanna *Klókir krakkar* og *Haltu kúlinu*.

Grunnskóladeild hefur sett sér það markmið að foreldrar sem sækja um þessi námskeið fyrri hluta árs komist að á næstu haustönn og að foreldrar sem sækja um á seinni hluta árs komist að á næstu vorönn. Það náðist í 40% tilvika hjá þeim sem sóttu um *Klókra krakka á haustönn en í 25% tilvika sem sóttu námskeiðið á vorönn*; gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Uppeldi barna með ADHD

Námskeiðið felur í sér fræðslu um ADHD og uppeldisaðferðir sem henta börnum með ADHD einkenni. Markmiðið er að foreldrar tileinki sér hagnýtar og gagnreyndar uppeldisaðferðir sem nýtast til lengri tíma fyrir börnin.

- Menntasvið bauð upp á tvö námskeið skólaárið 2024-2025. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið.

Grunnskóladeild hefur sett sér það markmið að foreldrar sem sækja um námskeið um uppeldi barna með ADHD fyrri hluta árs komist að á næstu haustönn og að foreldrar sem sækja um á seinni hluta árs komist að á næstu vorönn. Á skólaárinu 2024-2025 náðist það í 50% tilvika á haustönn og í 11,1% tilvika á vorönn en gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80% tilvika.

Sérdeildir

Undanfarið hefur það fæst í vöxt að fagfólk grunnskóla óski eftir ráðgjöf frá fagfólki sérdeilda í Kópavogi til að mæta þörfum nemenda með miklar stuðningsþarfir í almennum skólaúrræðum. Því var ákveðið að einhverfudeildir Álfhólsskóla og Salaskóla fái úthlutað 4 kennslustundum á viku hvor fyrir sig til að sinna ráðgjöf í almennum skólaúrræðum frá áramótum 2023-2024. Ráðgjöfinni var framhaldið skólaárið 2024-2025. Rétt er að benda á að árlega komast færri börn að en vilja í sérdeildir grunnskóla í Kópavogi.

Sérdeild í Álfhólsskóla

Sérdeild Álfhólsskóla er fyrir nemendur sem greindir eru með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi. Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum nám og uppeldi við hæfi og fer námið fram samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu þeirra.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda. Allir nemendur sérdeildarinnar eru skráðir í almenna bekki og markvisst er unnið að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Einhverfudeild Álfhólsskóla starfaði þrískipt skólaárið 2022–2023. Ein deild á yngsta stigi, ein á miðstigi og ein á unglingastigi og þannig var áfram unnið skólaárin 2023-2024 og 2024-2025. Í deildunum voru samtals 30 nemendur skólaárið 2024-2025.

Einhverfudeild	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	33	31	31	30	30

Sérdeild í Salaskóla

Sérdeild Salaskóla er fyrir nemendur sem greindir eru með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi. Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum nám og uppeldi við hæfi og fer nám fram samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu þeirra.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu. Allir nemendur eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og í sameiginlegum athöfnum skólans.

Skólaárið 2024-2025 voru 10 nemendur skráðir í sérdeild Salaskóla líkt á árin á undan.

Einhverfudeild	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	10	10	10	10	10

Námsver, sérdeild í Kópavogsskóla

Hlutverk Námsvers í Kópavogsskóla er að veita nemendum með skilgreindar stuðningsþarfir í 5. til 10. bekk nám við hæfi í sérhæfðu umhverfi til lengri eða skemmri tíma. Foreldrar geta sótt um námsvist í Námsverinu fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að nám og kennsluhættir í almennri bekkjardeild mæta ekki þörfum þess. Allir nemendur eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Skólaárið 2024-2025 voru 12 nemendur skráðir í Námsver Kópavogsskóla.

Námsver	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	14	13	12	12	12

Smiðja, sérdeild í Snælandsskóla

Hlutverk Smiðju í Snælandsskóla er að veita nemendum með skilgreindar þarfir í 8. til 10. bekk nám við hæfi í sérhæfðu umhverfi til lengri eða skemmri tíma. Foreldrar geta sótt um námsvist fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að nám og kennsluhættir mæta ekki þörfum þess í almennu bekkjar-/hópastarfi. Allir

nemendur Smiðju eru skráðir í almenna bekki og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans eins og best hentar hverjum og einum.

Skólaárið 2024-2025 voru 12 nemendur skráðir í Smiðju.

Smiðja	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Samtals fjöldi nemenda	12	12	12	12	12

Sérskólar

Skólaárið 2022–2023 stunduðu 15 nemendur úr Kópavogi nám í Klettaskóla og 6 nemendur í Arnarskóla. Auk þess sóttu 6 nemendur nám í Náms- og starfssetri Klettabæjar (NOS) að hluta til eða út skólaárið í náinni samvinnu við sinn heimaskóla, foreldra sína og fagfólk grunnskóladeildar.

Skólaárið 2023-2024 stunduðu 16 nemendur úr Kópavogi nám í Klettaskóla og 6 nemendur í Arnarskóla. Auk þess sóttu 6 nemendur nám í Náms- og starfssetri Klettabæjar (NOS) að hluta til eða út skólaárið í náinni samvinnu við sinn heimaskóla, foreldra sína og fagfólk grunnskóladeildar.

Skólaárið 2024-2025 stundaði 21 nemandi úr Kópavogi nám í Klettaskóla og 6 nemendur í Arnarskóla. Sex nemendur sóttu nám í Náms- og starfssetri Klettabæjar (NOS) að hluta til eða út skólaárið í náinni samvinnu við sinn heimaskóla, foreldra sína og fagfólk grunnskóladeildar. Þá sótti einn nemandi tímabundið skólaúrræði hjá Heilindum – búsetu og skólaúrræði fyrir einstaklinga með ákominn heilaskaða, hegðunarvanda og ungmenni með fjölþættan vanda.